

Þjóðminjasafn Íslands, spurningaskrá nr. 114a

Siðir og daglegt líf í Menntaskólanum á Akureyri

Leiðbeiningar

Tilgangurinn með þessari spurningaskrá er að safna upplýsingum um daglegt líf, munnmæli, félagslíf, hefðir og samskipti í Menntaskólanum á Akureyri (MA). Söfnunin er á vegum Þjóðminjasafns Íslands og er jafnframt hluti af meistaraverkefni Fjólu Maríu Jónsdóttur í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Fyrst og fremst er verið leita eftir þínum eigin minningum, en bæði núverandi og fyrrverandi nemendur í MA eru hvattir til að taka þátt í söfnuninni, óháð því hvort þeir hafi útskrifast eða ekki.

Sumar spurninganna eiga hugsanlega ekki við þína reynslu en þá svarar þú aðeins því sem þú telur við eiga. Þú getur líka valið út spurningar sem þú vilt svara.

Athugaðu að ekkert er ómerkilegt í þessu samhengi og þetta er ekki samkeppni um besta pennann. Öllum framlögum verður tekið fagnandi þótt svör fáist ekki við öllum atriðum.

Það efni sem berst verður notað til fróðleiks og rannsókna og vistað í menningarsögulega gagnasafninu Sarpur. Vinsamlegast taktu fram ef svör þín mega ekki birtast í netútgáfu Sarps (sarpur.is).

Með því að svara er litið svo á að þú hafir samþykkt að svör þín *tilheyri gagnasafni Þjóðminjasafns Íslands og að safninu sé heimilt að skrá svörin í stafrænan gagnagrunn og gera þau aðgengileg almenningi, fræðimönnum og öðrum, um tölvunet eða með öðrum hætti. Einnig að frásögnin sé afrituð í þágu almennings og til rannsókna.*

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 530 2246 en einnig má senda tölvupóst á agust@thjodminjasafn.is.

Persónulegar upplýsingar

Á hvaða árum varst þú við nám í MA?

Kyn:

Fæðingarár:

Námsbraut:

Hvar átt/áttir þú lögheimili(sveitarfélag) meðan á námi stóð?

Hvar bjóst þú á meðan skólaárið stóð yfir (heimavist, heimahús, leiguhúsnæði)?

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í MA?

Hefðir

Hverjar eru/voru helstu hefðir í skólanum að þínu mati? Vinsamlegast segðu frá þessum hefðum (heiti, stund, staður, hvað var gert, hverjir sáu um þær t.d.). Hvað veist þú um uppruna þessara hefða?

Tengjast/tengdust einhverjar hefðir eða siðir sérstaklega við heimavist, félög, bekki eða námsbrautir? Ef svo er/var, hvaða?

Hvert er/var viðhorf þitt til vígslu nýnema? Telur/taldir þú hana hafa áhrif á einstaka nemendur, nemendahópinn og/eða skólann? Hvaða áhrif, ef svo er/var?

Hversdagslíf

Er/var ákveðin sæta- eða svæðaskipting í kennslustofum, matsal, heimavist eða annars staðar innan skólans? Eftir hverju fer/fór það, ef svo er/var?

Eru/voru einhver svæði eða rými í skólanum sem nemendur fara/fóru almennt ekki á? En kennarar? Hvaða svæði, ef svo er/var, og hvers vegna?

Eru/voru einhverjir ákveðnir staðir utan skólans sem nemendur fara/fóru á ásamt kennara í kennslustund? Hvaða staðir eru/voru þetta, ef svo er/var, hvað var gert og hvenær dags eða skólaárs?

Hafa/höfðu námsbrautir, félög eða aðrir hópar sérstaka ímynd? Hvaða ímynd og um hvaða hópa er/var helst að ræða?

Er/var einhver klæðnaður eftirsóttur af nemendum skólans og/eða einkennandi fyrir þá? Hvaða klæðnaður, ef svo er/var?

Telur þú að MA skeri/hafa skorið sig frá öðrum framhaldsskólum á einhvern hátt? Hvernig þá?

Finnst þér að MA eigi/hafi átt meira sameiginlegt með sumum framhaldsskólum fremur en öðrum? Hvaða skólum og hvers vegna?

Finnst þér að sérstakur andi ríki/hafi ríkt í MA? Hvernig lýsti hann sér, ef svo er/var? Hvað stuðlar/stuðlaði að honum?

Munnleg hefð

Manst þú eftir sögum eða bröndurum sem gengu á milli nemenda, t.d. um skólann, skólahúsin, próf, einkunnagjöf, eldri nemendur, skólameistara, kennara og annað starfsfólk? Viltu segja frá þessu?

Hvaða gælunöfn eða skammstafanir eru/voru notuð yfir kennslustofur, byggingar, svæði, kennara og annað starfsfólk?

Segðu frá dularfullum fyrirbærum, þjóðtrú eða hjátrú, sem þekktist/þekktist innan skólans (t.d. varðandi próf, útskrift, húsakynni eða yfirnáttúrulegar verur).

Hvaða lög og textar eru/voru sérstaklega tengd MA og við hvaða tækifæri eru/voru þau sungin? Skrifðu niður þá texta sem þú manst eða upphaf þeirra.

Félagslíf

Í hverju felst/fólst félagslíf nemenda í megindrátum (helstu félög, skemmtanir, viðburðir t.d.)? Hvað einkennir/einkenndi félagslífið sérstaklega?

Hvernig er/var þátttaka í félagslífinu? Eru/voru einhverjir hópar virkari en aðrir? Hverjir, ef svo er/var? Eru/voru einhverjir hópar útilokaðir og/eða kjósa/kusu að taka ekki þátt? Hvaða hópar?

Gegna/gegndu bekkir mismunandi hlutverkum á vissum skemmtunum og/eða öðrum viðburðum? Hvaða bekkir og um hvaða uppkomur er/var að ræða?

Hvaða reglur gilda/giltu um áfengisneyslu? Eru/voru þær virtar (hvers vegna eða hvers vegna ekki)? Hvert er/var viðhorf þitt til þeirra? Hvernig bregðast/brugðust skólayfirvöld við brotum á þessum reglum?

Eru/voru haldnar skemmtanir í óþökk skólastjórnenda? Hvers konar skemmtanir, ef svo er/var, og hvað kölluðust þær? Hverjir skipuleggja/skipulögðu þessar skemmtanir? Hvar eru/voru þær haldnar og hverjir taka/tóku þátt?

Getur þú sagt frá tilvikum þar sem hópur nemenda hefur óhlýðnast eða brotið reglur skólayfirvalda? Ef svo er, hvað er/var gert, hvenær og afhverju? (Halda söngsal án leyfis, hindra inngöngu eða útgöngu starfsfólks, mæta ekki í kennslustund t.d.).

Eru/voru sérstaklega mikil samskipti og/eða rígur á milli MA og einhvers annars skóla? Hvaða skóla og hvernig lýsir/lýsti það sér?

Eftir útskrift

Hvernig upplifðir þú að útskrifast og/eða yfirgefa skólann?

Átt þú einhverja minjagripa frá veru þinni í skólanum? Hvaða gripa? Hvaða merkingu hafa þessir gripir fyrir þig?

Hefur þú mætt á Júbíleringu eða aðrar samkomur útskrifaðra MA-inga? Hvers vegna hefur þú farið eða ekki farið? Getur þú lýst slíkum samkomum?

Finnst þér þú vera hluti af hóp sem MA-ingur? Í hverju felst það, ef svo er? Finnur þú til samkenndar þegar þú hittir aðra MA-inga? Getur þú sagt frá þessu?

Hversu áhugasöm/-samur ert þú um samnemendur þína og afdrif þeirra og MA eftir að skólavist lauk? En um skólameistara, kennara og annað starfsfólk? Viltu segja frá þessu?

Er eitthvað annað sem þú vilt segja frá eða koma á framfæri? (Árshátíð, Skuggi, hrindingar, busun, dimissio, gleðidagar, keppnir, málfundir, táknmyndir skólans, embætti og titlar nemenda, t.d.)